



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 9. tölublað. September 2007.

EFNI:

Fleiri HIV-sýkingar meðal fíkniefnaneytenda	bls. 1
Hringskyrfi greinist á Norðurlandi	bls. 1
Um berklasmit norðanlands og austan	bls. 2

Ritstjórn
Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Brynja Laxdal
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

FLEIRI HIV-SÝKINGAR Á ÁRINU MEÐAL FÍKNIEFNANEYTENDA

Í marstölublaði Farsóttafréttanna árið 2007 var fjallað um HIV-sýkingu meðal fíkniefnaneytenda sem sprautu sig. Þessar sýkingar hafa verið fátíðar hér á landi gagnstætt því sem á við um lifrabólgu C, sem einnig er blóðsmitandi sjúkdómur. Á það var bent að þótt fjöldi fíkniefnaneytenda sem hefur greinst undanfarnin ár sé ekki mikill, þá væri það markvert að þrjú einstaklingar, sem greindust á stuttum tíma um síðustu áramót, hefðu haft innbyrðis tengsl, sem bentu til þess að smit hefði borist með menguðum sprautum og nálum.

Atburðarrásin það sem af er árinu rennir stöðum undir þá skoðun að hópsýking meðal fíkniefnaneytenda sé í uppsiglingu

þar eð fleiri tilfelli HIV-smits meðal fíkniefnaneytenda hafa bæst við á árinu (sbr. mynd). Það sem rennir enn frekari stöðum undir innbyrðis tengsl milli þessara sýkinga meðal fíkniefnaneytenda er að þeim fylgir smit af völdum lifrabólgu B, sem einnig er blóðsmitandi.

Allar götur frá því að alnæmisfaraldurinn barst til landsins í upphafi níunda áratugarins hefur faraldur meðal fíkniefnaneytenda verið sérstakt áhyggjuefni. Margir hafa talið að það sé einungis tímaspursmál hvenær hann berst í þennan áhættuhóp. Ein leið til þess að sporna við útbreiðslu HIV-smits meðal fíkniefnaneytenda er að auðvelda aðgengi að hreinum sprautum og nálum ekki síður en smökkum.



HRINGSKYRFI GREINIST Á NORÐURLANDI

Í tilkynningu frá Landbúnaðarstofnun 14. september 2007 segir að húðsjúkdómurinn hringskyrfi hafi verið staðfestur á bænum Hofi í Arnarneshreppi í Eyjafirði. Um var að ræða einn blett á einum nautgrip sem héraðsdýralæknir og eftirlitsdýralæknir

komu auga á í sláturhúsi síðastliðið sumar. Ekki hafa aðrir gripir fundist með sjúkdóminn. Engin merki hafa heldur fundist um sýkingu í mönnum á svæðinu.

(Framhald bls. 2)

Hringskyrfi er smitandi húðsjúkdómur af völdum sveppa. Einkenni sjúkdómsins eru hringlaga hárlausir blettir í húð.

Hópsýking meðal fíkniefnaneytenda af völdum HIV-smits virðist vera í uppsiglingu.

Hringskyrfi er smitandi húðsjúkdómur af völdum sveppa sem nefnast *Trichophyton verrucosum*. Leggst sjúkdómur þessi aðallega á nautgripi en getur af og til borist í menn og valdið húðsýkingum. Einkenni sjúkdómsins eru hringlaga hárlausir blettir í húð.

Hringskyrfi hefur aðeins greinst þrisvar áður hér á landi í nautgripum. Sumarið 1933 voru fluttir til landsins fimm nautgripir frá Skotlandi og var þeim komið fyrir í Þerney. Voru allir gripirnir felldir nema einn kálfur, en íslenski Galloway-stofninn er af honum kominn. Haustið 1966 varð vart við hringskyrfi í kúm á Grund í Eyjafirði og sumarið 1987 á Mið-Grund í Vestur-Eyjafjallahreppi. Grunur lék á að smit hefði borist í nautgripi með erlendum verkamönnum sem störfuðu á bæjunum.

Bæði í Eyjafirði og undir Eyjafjöllum barst smitið á marga bæi þrátt fyrir varúðarráðstafanir. Að lokum tókst þó í öllum tilfellum að útrýma smitinu með róttækum aðgerðum



Hringskyrfi á andliti og hálsi

sem fólust í slátrun, einangrun og böðun. Talið var að hross og sauðfé sem voru í nánasta umhverfi sýktra nautgripa gætu borið smit þó einkenna yrði ekki vart og var þeim því einnig slátrað og tókst að uppræta smitið.



Hringskyrfi á nautgrip

Á grundvelli laga um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 hefur Landbúnaðarráðuneytið gefið út fyrirskipun um aðgerðir og ráðstafanir til að hindra útbreiðslu smitsins, samkvæmt tillögum Landbúnaðarstofnunar.

Heimildir:

Smitsjúkdómurinn hringskyrfi hefur verið staðfestur á kúabúi í Eyjafirði. Heimasíða Landbúnaðarstofnunar, www.lbs.is

Hringskyrfi. Páll A. Pálsson. Dýralæknatal, búfjár-sjúkdómar og saga. Oddi 2004.

Óbirt skýrsla nefndar um dýrasjúkdóma og súnur. Eggert Gunnarsson, Halldór Runólfsson, Haraldur Briem & Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir. Landbúnaðarráðuneytið 2004.

UM BERKLASMIT NORÐANLANDS OG AUSTAN

Í síðasta tölublaði Farsóttafréttar var frá því sagt að rannsókn á berklum á elliheimili á Norðurlandi væri lokið. Um var að ræða aldraðan vistmann sem greindist með berkla, en rannsókn á starfsfólki, vistmönnum og aðstandendum leiddi í ljós að smit hefði ekki breiðst út. Þá var frá því sagt að rannsókn á útbreiðslu smits stæði yfir vegna berkla sem greinst höfðu hjá starfsmanni við Kárahnjúkavirkjun, en henni væri ekki lokið. Samkvæmt upplýsingum frá lækni á Kára-

hnjúkum er rannsókn þar nánast lokið. Upphaflega voru 132 starfsmenn prófaðir en enginn hafði einkenni smits. Ætlunin var að endurprófa 110 starfsmenn en 27 þeirra höfðu yfirgefið landið. Af þeim 83 sem voru endurprófaðir var ekki um smit að ræða hjá 80, en þrír eru enn til frekari rannsóknar. Þá var gerð rannsókn á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupsstað þar sem sjúklingurinn hafði verið lagður inn. Þeirri rannsókn mun ljúka á næstu vikum.